



# Barnaheill

Save the Children Iceland

18. ágúst 2008

## **Flengingar eru ekki uppeldisaðferð Ályktun frá Barnaheillum, Save the Children, á Íslandi vegna nýfallins dóms**

Ályktun var sent til dómstólaráðs, alþingismanna, dómsmálaráðherra og fjölmiðla.

Barnaheill harma niðurstöður dóms sem féll þann 14. ágúst síðastliðinn í Héraðsdómi Norðurlands eystra í máli karlmanns sem hafði ítrekað beitt tvo drengi 4 og 6 ára líkamlegum refsingum. Karlmaðurinn var kærður fyrir líkamsárás og brot á barnaverndarlögum. Hann var sýknaður af báðum ákærum.

Íslensk stjórnvöld hafa staðfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er skýrt á að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu (19. grein). Einn fremur er kveðið á um að börn megi ekki beita ómannúðlegri meðferð eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu (39. grein). Dómurinn sem hér um ræðir er því brot á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með því að staðfesta Barnasáttmálann hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að aðlaga íslensk lög að sáttmálanum. Ef íslensk lög kveða ekki nógu skýrt á um bann við líkamlegum refsingum leggja Barnaheill áherslu á að þau lög séu endurskoðuð, þannig að enginn vafi leiki á að líkamlegar refsingar séu ekki leyfðar hvorki í uppeldislegum tilgangi né í öðrum tilgangi.

Í dómnum segir m.a.: *“Almennt séð varðar það við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga að slá mann nauðugan á rassinn með flötum lófa svo að undan roðnar. Til þess er hins vegar að líta að hugsanlega tíðkast eitthvað, eða hefur tíðkast, að flengja börn. Verður að gæta að því að ekki verður öðru vísi litið á en að ákærði hafi flengt drengina með samþykki móður þeirra, í tilefni af því að þeir höfðu sýnt af sér óþekkt, þótt ekki liggi fyrir í hverju hún hafi falist. Hversu óviðurkvæmilegt sem það kann að virðast nú á tímum að flengja börn fyrir óþægð þykir ekki verða kveðið á um það hér að það varði refsingu, ef uppalandi barns tekur á því ábyrgð með samþykki sínu og nærveru, þegar til þess er litið að skilja verður ákvæði 1. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002 svo að ekki sé þar lagt algert bann við því að börn séu beitt refsingum og líkamlegar refsingar þar ekki undanskildar, sbr. hins vegar a-lið 3. mgr. 82. gr. laganna, sem leggur bann við því*

*að börn sem dveljast á heimili eða stofnun skv. 79. gr. séu beitt andlegum og líkamlegum refsingum.”*


Að mati Barnaheilla er ákvæði 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga (lög nr. 80/2002) nægilega skýrt til að dæma drengjunum í vil, en þar segir að *“Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.”* Í 3. mgr. 99. gr. sömu laga segir einnig að *“Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.”*

Í dómnum er vitnað í að líkamlegar refsingar tíðkist að einhverju leyti sem uppeldisaðferð á Íslandi. Engar rannsóknir eru til sem styðja slíka fullyrðingu, en sé svo er, að mati Barnaheilla, mikilvægt að uppræta að fullu slíkar aðferðir en ekki að ýta undir þær með dómi sem þessum. Af dómnum má ráða að í lagi sé að slá börn ef foreldrar gefa leyfi til þess. Það er algjölega óásættanlegt sjónamið og gengur einnig gegn ákvæði 2. mgr. 28. gr. barnalaga (lög nr. 76/2003) sem segir að *“Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.”* Allar rannsóknir í uppeldisfræðum sýna að líkamlegar refsingar eru alls ekki leið til að ná árangri í uppeldi og hafa skaðleg áhrif á börn. Barnaheill harma að dómur sé byggður á slíkum forsendum árið 2008.

Í ljósi ofangreinds hvetja Barnaheill, Save the Children, á Íslandi íslenskt dómskerfi til að standa vörð um réttindi barna og nýta til fullnustu þau lagaákvæði sem kveða á um vernd barna gegn líkamlegum refsingum og öðru ofbeldi. Samtökin hvetja einnig Alþingi til að endurskoða barnaverndarlögin (lög nr.80/2002) og barnalögin (lög nr. 76/2003) og setja þar skýr ákvæði um að líkamlegar refsingar séu undir engum kringumstæðum leyfðar.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla



Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri